

Fundur í fræðslunefnd Skaftárhrepps

haldinn 26. ágúst 2021, kl. 16:00, á Kirkjubæjarstofu – þekkingarsetri, Kirkjubæjarklaustri.

Fundur nr. 177.

Mættir eftirtaldir fundarmenn:

Þorsteinn M. Kristinsson, Anna Magdalena Buda, Arndís Harðardóttir og Fanney Ásgeirsdóttir.

Jón Hrafn Karlsson boðaði forföll og í hans stað mætir Bjarki V. Guðnason.

Fanney Ásgeirsdóttir ritar fundargerð.

Kl. 16:00 – Fræðslunefnd.

1) Skólasamfélagið í upphafi skólaárs.

Tónlistarskólinn – öflugt og gott starf, brunavörnum er áfátt, þarfnast úrbóta.

Heilsuleikskólinn – rætt um möguleg viðbrögð við mönnunarvanda.

Grunnskólinn – skortur á faglærðu starfsfólki, brunavörnum er áfátt í verkgreinastofunum – viðbrögð eru í vinnslu.

2) Önnur mál.

Kl. 16:45 – Heilsuleikskólinn Kæríbær.

Á fundinn mæta áheyrnarfulltrúar, Guðrún Sigurðardóttir, skólastjóri, og Sólveig Ólafsdóttir, fulltrúi foreldra.

1) Skóladagatal 2021 – 2022 – Ósk um breytingu á skóladagatali, tilfærsla á starfsdegi vegna námskeiðs starfsmanna. Fræðslunefnd samþykkir breytinguna.

2) Heilsuleikskólinn í upphafi skólaárs. Undraland var lokað fyrstu sex dagana af skólaárinu vegna þess að nýja húsnæðið var ekki tilbúið. Leikskólagjöld mánaðarins voru lækkuð með tilliti til þess. Mikill munur að hafa fengið aðstöðu fyrir starfsmenn og aukið sérkennslurými.

3) Starfsmannamál - mönnunarvandi. 34 börn á leikskólanum í dag. Sjö börn sem hefðu átt að koma inn í ágúst en er ekki hægt að taka inn vegna starfsmannaeklu. Stöðugildi þyrftu að vera 12,5 til að geta sinnt öllum verkefnum. Heimild er fyrir 12 stg. en nú eru tæp 8 stöðugildi mönnuð. Von er til að fylla 9,8 stg á næstu vikum. Margir foreldrar sem lentir eru í vandræðum með að stunda vinnu þar sem börnin fá ekki leikskólaláss. Fræðslunefnd beinir því til sveitarstjórnar Skaftárhrepps að skoða möguleika á heimagreiðslum til foreldra, sem eiga börn á leikskólaaldri og hafa sótt um leikskólaláss, en komast ekki inn á leikskólann.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "AVA", "BVA", and "f.A.".

4) Önnur mál. Leikskólastjóri afhendir fræðslunefnd boðskort á uppskeruhátíð þann 17. sept. vegna útgáfu handbókar í tengslum við þróunarverkefnið Snemmtæk íhlutun-mál og læsi.

Kl. 17:30 – Tónlistarskóli Skaftárhrepps.

Á fundinn mætir staðgengill skólastjóra, Tereza Zuchowicz

1) Tónlistarskólinn í upphafi skólaárs – áherslur. Innritun fer í gang um mánaðamót. Tónlistarskólinn annast tónmenntarkennslu fyrir 1.-3. bekk. Áhugi fyrir að sinna hjúkrunarheimilinu um leið og sóttvarnir leyfa. Samstarf við tónlistarskólann í Vík gengur vel og heldur áfram á sömu braut. Tónlistarskólinn leggur til að tónlistarnámið gæti verið metið sem hluti af valáfanga í grunnskólanum, þá væri hægt að nýta þá tíma einnig fyrir nemendur til að stunda nám í tónlistarskólanum.

Kl. 18:00 – Kirkjubæjarskóli á Síðu.

Á fundinn mæta áheyrnarfulltrúar, Katrín Gunnarsdóttir, skólastjóri og Inga Lóa Hannesdóttir, fulltrúi kennara. Fulltrúi foreldra boðaði forföll.

1) Skóladagatal 2021 – 2022. Ósk um breytingu á skóladagatali, tilfærsla á starfsdegi. Fræðslunefnd samþykkir breytinguna.

2) Kirkjubæjarskóli í upphafi skólaárs. Nemendur eru 41. 1.-3. bekkur eru saman í námshóp, 4.-5. saman, 7. b. er einn. Stg. 6,19 í kennslu og stjórnun, ritari í 50% stg og stuðningur 1,8 stg.

3) Starfsmannamál. Auglýst var eftir stuðningsfulltrúa í 50%. Einnig vantar kennara m.a. í umsjón á unglingastigi. Búið er að manna allar greinar en draga þurfti aðeins úr verkgreinakennslu, flestir eru að kenna meira en fullt starf vegna manneklu.

4) Staða á viðhaldsverkefnum. Frestun varð á viðhaldsverkefnum sem átti að sinna í sumar vegna manneklu. Ekki er búið að ganga frá flóttaleiðum úr verkgreinastofum og því eru þær ekki notaðar. Vantar skilti á skólalóðina sem bendir á að utanaðkomandi sé bannaður aðgangur á skólatíma. Skólastjóri hefur sent erindi þar að lútandi.

5) Önnur mál.

- Skólastjóri óskar eftir að sveitarfélagið setji sér viðmið um flýtingu nemenda í skólakerfinu.
- Inga Lóa Hannesdóttir hættir sem áheyrnarfulltrúi kennara í fræðslunefnd og Karitas Heiðbrá Harðardóttir tekur við.
- Tillaga barst frá tónlistarskólanum um að nemendur á unglingastigi geti nýtt tónlistanámið sitt sem hluta af valgreinatímum. Ekkert því til fyrirstöðu af hendi grunnskólans.

AMB

AJM

Yvonne ÞA.
BUT

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:50


Þorsteinn M. Kristinsson


Fanney Ásgeirsdóttir


Anna Magdalena Buda


Arndís J. Harðardóttir


Bjarki V. Guðnason